

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Sent með tölvupósti á ust@ust.is

Reykjavík, 11. jan 2023

Umsögn Landverndar um fyrirhugaða stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir landslagsverndarsvæði norðan Dyrfjalla og náttúruvættið Stóruð í Múlaþingi.

Almennt

Stjórn Landverndar fagnar vinnu við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Stóruð og friðlýsingu þessa einstaka náttúruundurs. Mikilvægt er að við alla þá vinnu sem framundan er við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar að allt landið sem undir innan afmörkunar hins friðlýsta svæði fái vandaða umfjöllun, ekki einvörðungu Stóruð heldur einnig mjög einstakt svæði út með Selfljóti og að Stapavík sem er samfelld náttúruperla.

Að því sögðu er mikilvægt að draga fram strax í upphafi helstu áskoranir sem varða svæðið og ágang og því er uppbygging gönguleiða og stíga eitt af grunnatriðum. Það sem þarfnast þó alveg sértækrar skoðunar er hvernig megi koma í veg fyrir rask þar sem svæðið er viðkvæmast í og við náttúruperluna sjálfa í Stóruð. Þar er land og jarðvegur allur einstaklega viðkvæmur, mosi, votlendi og vistgerðir. Stígagerð og eða gönguleiðir um svæðið þarna eru stór áskorun að teknu tilliti til þess fjölda sem sækir svæðið á hverju ári.

Taka þarf mið af veðurfari. Gönguleiðir þarf jafnframt að fella þannig að svæðinu að þær verði sem náttúrulegastar og séu felldar að landslagi svo þær taki ekki of mikið til sín sjónrænt þegar horft er niður í Stóruð. Útilokað er að leyfa umferð annarra en gangandi um Stóruð þar sem jarðmyndanir, vistgerðir og fl. er of viðkvæmar fyrir annari umferð. Umferð fjallahjóla er ósækilega þar sem hún myndar farvegi fyrir úrkomu með tilheyrandi jarðraski.

Tímaáætlun – einstök atriði

Eftirfarandi eru atriði sem mikilvægt er að þeir sem stýra verkefninu séu með sameiginlega sýn á.

o *Eignarhald og umsjón* – hver ber ábyrgð á hverju m.a. kostnaði við framfylgni stjórnunar og verndaráætlunar. Stjórnunar – og verndaráætlun þarf að kostnaðargreina með tilliti til stefnunnar sem þar verður sett fram um einstök verkefni.

o *Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi* – þessum þætti hefur væntanlega verið gerð góð skil í samningum milli ríkis / UST og umsjónar / rekstraraðila en mikilvægt er að ekki standi á framfylgni stjórnunar- og verndaráætlunar vegna mismunandi lagatúlkunar.

o *Verndargildi og verndarflokkar* – hér gildir að engin afsláttur sé gefin á gæðum uppbyggingar inn á hinu friðlýsta náttúruvætti og þá sér í lagi þar sem náttúruperlan sjálf Stóruð er undir. Mikilvægt er að kom á viðurlögum í stjórnar – og verndaráætlun verði landsþjöll unninn inn á hinu friðlýsta svæði. Viðurlög drag úr líkunum á því að unnin verði landsþjöll. Mikilvægt er að hafa slík aðvörunarorð uppi á merkingum við upphaf gönguleiðar sér í lagi vegna þess að hér er um einstaklega viðkvæmt svæði að ræða einmitt þar sem náttúruperlan sjálf Stóruð er.



o *Stígar/ merktar gönguleiðir og skiltamerkingar* - Hér skal vísað almennt til inngangsorða um hversu einstakt svæði er hér um að ræða og viðkvæmt og því sérstaklega mikilvægt að stjórnunar- og verndaráætlun taki fyrst og síðast mið af því.

Um leið og Stóruþingur er orðið með allra vinsælustu gönguleiðum á Íslandi er svæðið jafnframt eitt það viðkvæmasta. Landvernd æskir góðs samráðs við þetta verkefni eins og önnur og býður fram aðstoð við gerð áætlunarinnar sé þess óskað.

*Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Landverndar*

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri

